# Mat á menntun og störfum körfuknattleiksþjálfara í menntakerfi KKÍ

**Sérhæfð menntun**

1. Íþróttakennari / íþróttafræðingur
   Hefur lokið 1.a og 1.b í sérgreinahluta KKÍ
2. Sérhæft þjálfaranám í körfuknattleik
   Ein kennslustund metin á móti einni kennslustund
3. Önnur menntun, ef það er ekki sérhæfð körfuknattleiksmenntun, er menntun aðeins metin til að hækkunar en ekki metin ein og sér.
4. Lokaritgerðir um körfuknattleik eru metnar sem 8 kennslustundir fyrir BS og 12 kennslustundir fyrir MSc ritgerð.

**Þjálfarareynsla**

5. Til að meta reynslu þjálfari, þarf þjálfari að hafa þjálfað að a.m.k:
   - samtals þrjú ár til að geta verið metin á KKÍ 1
   - samtals sjö ár til að geta verið metin á KKÍ 2
   - samtals tólf ár til að geta verið metin á KKÍ 3

   Þjálfari sem hefur ekki þjálfað á síðustu fimm árum þarf að taka endurmenntu innan árs til að halda mati á þjálfaramenntun.
6. Þjálfari fær metna reynslu á því stigi sem þjálfað hefur verið á. Hvert ár í þjálfun gefur tvær kennslustundir. Ef þjálfaðir hafa verið fleiri en einn flokkur sama tímabil teljast næstu flokkar til helminga. Aðstoðarþjálfari fær metið helming við aðalþjálfara, þjálfari fær þó aldrei meira en 5 kennslustundir metnar fyrir tímabil.
7. Önnur þjálfarareynsla eins og t.d þjálfun erlendis, hvert tilvik metið fyrir sig.
8. Önnur starfsreynsla einsog kennsla eða þjálfun annarra íþróttagreina er aðeins metin til að hækka viðkomandi, en verður ekki metin ein og sér þar sem reynsla er ekki sérhæfð í körfuknattleiksþjálfun.
9. Reynsla sem leikmaður, er aðeins metin til að hækka viðkomandi, en verður ekki metin ein og sér.

Matið er unnið af matsnefnd KKÍ í samstarfi við ÍSÍ og fræðslunefnd KKÍ.